

Nd. 419. Frumvarp til laga

um garðyrkjuskóla ríkisins.

Flm.: Sigurður Einarsson, Emil Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson,
Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Stofna skal garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi.

2. gr.

Ríkið leggur skólanum til 8—10 ha. af landi, nægan jarðhita til upphitunar á húsum, gróðrarskálum og vermireitum, svo og allar byggingar og gróðrarskála, sem þar eru nú og heyra til Reykjabúinu. Ríkið sér einnig um endurbætur á þessum byggingum, eftir því sem þörf krefur.

3. gr.

Garðyrkjuskólinn skal rekinn á kostnað ríkisins, enda fær það þær tekjur, sem garðyrkjan eða annar rekstur kann að gefa af sér.

4. gr.

Í garðyrkjuskólanum skal fara fram kennsla í garðyrkju. Kennslan sé bæði verkleg og bókleg. Námsstíma, námsgreinar, tilhögun kennslu og prófa skal ákveða með reglugerð.

5. gr.

Í garðyrkjuskólanum skulu framkvæmdar ýmsar tilraunir með garðyrkju og ræktun í gróðurskálum.

6. gr.

Við garðyrkjuskólann skal skipaður forstöðumaður og honum fengin aðstoð við kennslu og annan rekstur húsinns eftir þörfum. Launakjör fastra starfsmanna skulu vera í samræmi við launakjör kennara bændaskólanna.

7. gr.

Forstöðumaður hefir aðalumsjón með skólanum og sér um allar framkvæmdir og tilraunir, svo og kennslu. Hann hefir og á hendi allt reikningshald skólans.

8. gr.

Nemendur fá í skólanum ókeypis kennslu, húsnæði og fæði.

9. gr.

Kennslumálaráðuneytið hefir á hendi yfirstjórn garðyrkjuskólans og gefur út reglugerð um hann.

10. gr.

Kostnaður við stofnun garðyrkjuskólans samkvæmt lögum þessum greiðist úr rikissjóði.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal skólinn taka til starfa haustið 1936.

Greinargerð.

Það má öllum ljóst vera, að brýn þörf er á að auka garðyrkju vora. Vér notum árlega minna af garðávöxtum en nokkur nágrannaþjóð vor, þrátt fyrir það, þó vér síðasta áratug höfum keypt að ýmiskonar garðávexti fyrir rúma $\frac{1}{2}$ millj. króna árlega. Væri þó mjög auðvelt að auka svo ræktun vora héraendis, að fullnægt yrði eftirspurn og neyðþörf landsmanna.

Jarðeplanoftkun vor er um 50 kg. á mann. Norðmenn nota um 200 kg. og Þjóðverjar allt að 500 kg. Af öðrum garðávöxtum notum vér sáralítið.

Þetta þarf að breytast. Vér þurfum að verða sjálfbjarga með garðávexti, og vér þurfum að nota a. m. k. þrefalt meira af þeim en vér gerum nú. Til þess að svo megi verða, þarf að gera ýtarlegar tilraunir með ræktun ýmsra garðávaxta, og jafnframt sjá um, að menn geti fengið nytsama fræðslu og verkunnáttu í þessum efnum. Eins og nú standa sakir er þetta mjög af skornum skammti. Að visu geta menn fengið nokkra fræðslu með því að dvelja tímakorn á garðyrkjustöðvunum í Reykjavík, Laugarvatni, Reykjum í Mosfellsveit eða hjá Ræktunarfélagi Norðurlands, en þetta er ófullnægjandi. Til þess að menn geti fengið haldgóða þekkingu á garðrækt, er nauðsynlegt, að komið sé upp garðyrkjuskóla, þar sem menn geti lært allt, er að garðyrkju lýtur, bæði bóklegt og verklegt.

Á Reykjum í Ölfusi er góð aðstaða til að koma upp þessum skóla. Húsnæði er þar allgott, og þarf litlu við að bæta. Land er þar þegar brotið til garðyrkju og gróðurhús eru þar mikil. Starfræksla ríkisins á Reykjum myndi eigi á neinn hátt koma að almennari notum en þennan. Héraendis eru víðsvegar miklir möguleikar til aukinnar garðyrkju, aðeins ef hún er stunduð með alúð og þekkingu.

Með notkun jarðhitans í gróðrarskálum og vermireitum opnast nýir garðyrkjumöguleikar, og mætti því árlega spara mikið af innflutningi allskonar grænmetis og garðávaxta, ef garðyrkja vor kæmist í viðunlegt horf, og að því ber að keppa.